

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 305/2019

2020/EES/14/33

frá 13. desember 2019

## um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2399 frá 12. desember 2017 um breytingu á tilskipun 2014/59/ESB að því er varðar rétt hæð ótryggðra skuldagerninga í réttindaröð við meðferð vegna ógjaldfærni <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 19b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„breytt með:

- **32017 L 2399**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2399 frá 12. desember 2017 (Stj. tíð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 96).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2017/2399, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>, eða á gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2018 frá 9. febrúar 2018 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 96.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stj. tíð ESB L 323, 12.12.2019, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 98, 12.12.2019, bls. 38.